

Námskeið fyrir foreldra barna á aldrinum 5-10 ára.

Jákvæðar leiðir til að ýta undir æskilega hegðun barna og takast á við krefjandi hegðun.

-5 skipti frá kl: 20-22. Vikulega frá 31/1 -28/2 2019

-Markhópur: Námskeiðið hentar foreldrum allra barna og sérstaklega er hugað að þörfum barna með ADHD greiningar.

-Jákvæðar og árangursríkar leiðir. Námskeiðinu er ætlað að fræða og styðja foreldra í uppeldishlutverki þeirra. Uppeldi barna getur verið flókið, og samskipti foreldra og barna móta þá einstaklinga sem börnin verða. Það er því mikilvægt að vanda vel til verka á mótunarárum barna og aðstoða þau við þau verkefni og aðstæður sem reynast þeim krefjandi. Mikilvægt er að hvetja þau áfram og leita jákvæðra leiða bæði til þess að ýta undir æskilega hegðun og draga úr óæskilegri hegðun.

-Æskileg hegðun. Á námskeiðinu verða kennd undirstöðuatriði í sannreyndum leiðum til þess að ýta undir æskilega hegðun barna. Má þar nefna notkun notkun tákstyrkjakerfa, uppsetningu á sjónrænu skipulagi og hvernig almennt er hægt að styrkja og kenna æskilega hegðun.

-Viðbrögð við krefjandi hegðun og skapstilling. Hugað er sérstaklega að því hvernig æskilegt er að beina hegðun barna á rétta leið þegar verið er að kljást við krefjandi hegðun. Kennd verða æskileg viðbrögð við krefjandi hegðun og hvernig hægt er að hjálpa börnum sem glíma við skapstillingarvanda með rólegum og markvissum viðbrögðum.

-Jákvæð samskipti milli foreldra og barna. Á námskeiðinu gefst foreldrum tækifæri að fræðast, æfa færni, fá endurgjöf og ráðgjöf varðandi uppeldi barna þeirra með það að markmiði að stuðla að jákvæðum samskiptum milli foreldra og barna.

- Verð: 35.000kr fyrir einstakling, 40.000kr fyrir par.

- Vinsamlegast sendið tölvupóst á ingunn@hegdun.is eða rafm@hegdun.is ef þið viljið skrá ykkur á námskeiðið.